

Nú árið er liðið...

Læknisstarfið er krefjandi því daglega glímur læknirinn við flókin verkefni og tekur erfiðar ákvarðanir. Álagið er oft mikið því mönnun er ekki í samræmi við umfang verkefna og glíma margir læknar við álagseinkenni sem geta leitt til kulnunar. Fagið er í stöðugri framþróun sem gerir það að verkum að læknirinn þarf sí- og endurmenntun. Starfið er göfugt í eðli sínu því við störfum í þágu veikra til líknar eða lækninga og er fagið hin fullkomna blanda raunvísinda og mannúðarstefnu. Læknirinn er í faglegru forystu á sínum vinnustað því hann ber ábyrgð á velferð sjúklingsins. Menntun og reynslu læknisins verður nýta við skipulagningu og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins því læknar gegna þar lykilhlutverki, að öllum öðrum fagstéttum ólóstuðum. Fólk leitar til læknis til að fá ráðgjöf, stuðning, greiningu og viðeigandi meðferð, allt eftir aðstæðum.

Varnarleikur

Síðustu misseri hafa einkennst af varnarleik bæði í stóru og smáu. Byrjum á smáu hlutunum. Af hverju voru ermar allra læknasloppa á Landspítala stytta? Af hverju voru læknar í meirihluta tákmynda sem dæmi um neikvæð samskipti við innleiðingu samskiptasáttmála? Af hverju eiga læknabréf ekki lengur að heita læknabréf? Af hverju var læknaþorðinu í matsalnum í Fossvogi hent? Sendar hafa verið athugasemdir og leitað hefur verið skýringa en fátt um svör. Lágmarkskrafa hlýtur að vera að forsendur séu skýrar og haldbær rök liggi fyrir þegar ákvarðanir eru teknar og haft samráð við hagsmunaaðila.

Jafnlaunavottun

Snúum okkur að stærri málum og byrjum á jafnlaunavottun. Hægt er að setja fram kjarna mótmæla lækna í einni setningu: Matskerfið sem Landspítali valdi til jafnlaunavottunar vanmetur læknisstarfið og er þar af leiðandi óásættanlegt. Matskerfið er notað til launaákvörðunar heilbrigðisstarfsmanna í Bretlandi að læknum og tannlæknum undanskildum. Mikil orka hefur farið í að spyrna við fótum í þessu máli og hafa Læknafélag Íslands, Félag sjúkrahúslækna, Félag almennra lækna og Læknaráð unnið sem ein heild og mótmælt kröftuglega allt frá upphafskyningu málsins í ársbyrjun 2019. Ekki er enn ljóst hvort Landspítali fær jafnlaunavottun en við fylgjumst grannt með því. Ég hvet alla lækna til að kynna sér þetta mikilvæga hagsmunamál stéttarinnar því hér getur samstaða skipt miklu máli á árinu.

Lagabreytingar

Tillögur um breytingar á gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu frá 2007 voru birtar í samráðsgátt alþingis í september. Hér er ekki hægt að rekja allar þær breytingar sem þar eru lagðar til en markmið þeirra er samkvæmt greinargerð stuðningur við samþykka *Heilbrigðisáætlun til 2030*. Með þessum breytingatillögum er kerfisbundið dregið úr vægi lækna. Á þriðja tug athugasemda bárust frá LÍ og aðildarfélögum, Læknaráði og öðrum fagfélögum og framkvæmdastjórum um allt land. Frumvarpið hefur nú verið lagt fram og ljóst er að það á að leggja niður Læknaráð í núverandi mynd þrátt fyrir kröftug mótmæli. LÍ mun að sjálfsögðu senda inn umsögn við þetta frumvarp og vonandi tekst að fá alþingi til að hlusta á aðvaranir heilbrigðisstarfsmanna vegna þessa.

Skipurit

Hallarekstri Landspítala hefur verið mætt með nýju skipuriti. Það að vanáætlun á kostnaði við kjarasamninga lækna frá 2015 sé stillt upp sem orsök hallareksturs 2018 fór fyrir brjóstið á mörgum, sérstaklega þegar mun nærtækari skýringar eru augljósar. Þegar skórinn kreppir að er algengt að millistjórnendum sé fækkað til að verja lögbodna grunnstarfsemi spítala, sem er læknisþjónusta. En Landspítali bætir við 11 millistjórnendum, sem vekur upp spurningar. Og í sparnaðarskyni eru launakjör lækna skert og það þegar kjarasamningar eru lausir. Þess ber að geta í þessu samhengi að föst yfirvinna lækna á Landspítala er aðeins 20% af allri greiddri yfirvinnu á spítalanum. Ekkert samráð var haft við Læknafélagið í þessu máli.

Sóknarleikur

Við núverandi aðstæður er sérstaklega gremjulegt að stjórnkerfið skuli láta það viðgangast að hagnaður af sameiginlegum auðlindum íslensku þjóðarinnar sé ekki nýttur í almannabágu. Það er til skammar að grunnstoðir landsins skuli vera undirfjármagnaðar og afleiðingarnar eru lokuð sjúkrahús, skortur á fagfólki og innlagnir á ganga bráðamóttöku.

Þetta er óásættanlegt ástand fyrir auðuga þjóð, dapurlegt fyrir Landspítala og virðingarleysi við sjúklinga og aðstandendur. Erfitt er að tryggja öryggi sjúklinga við þessar aðstæður og augljóst að gæðum þjónustunnar mun hraka verði ekki úr þessu bætt.



María I. Gunnbjörnsdóttir

lungna- og ofnæmislæknir, formaður Félags sjúkrahúslækna

mariaig@landspitali.is

Í pistlunum Úr penna stjórnarmanna LÍ birta þeir eigin skoðanir en ekki félagsins.



Stjórn Læknafélags Íslands

Reynir Arngrímsson
formaður

FAL
Guðrún Ása Björnsdóttir
Ýmir Óskarsson

FÍH
Salóme Ásta Arnardóttir
Jörundur Kristinsson

FSL
María I. Gunnbjörnsdóttir
Gunnar Mýrðal

LR
Pórarinn Guðnason
Alma Gunnarsdóttir